

Skýrsla foreldrafélags Sjúlandsskóla 2015-2016

Á skólaárinu 2015-2016 skipuðu eftirfarandi stjórn foreldrafélags Sjúlandsskóla:

Eva Hrönn Jónsdóttir	Formaður
Helena Guðmundsdóttir	Gjaldkeri
Elfa Sif Jónsdóttir	meðstjórnandi og tengiliður unglíngadeildar
Eva Rós Stefánsdóttir	meðstjórnandi
Hera Hannesdóttir	meðstjórnandi

Foreldrafélagi Sjúlandsskóla var skipuð ný stjórn á aðalfundi félagsins 29. september 2015. Boðað var til aðalfundar með lögmætum hætti og var sæmilega mætt. Á aðalfundi voru hefðbundinn aðalfundarstörf. Kosin var ný stjórn sem skipast þannig að einn fulltrúi var frá yngsta stigi, tveir frá miðstigi og tveir frá unglíngastigi.

Á fyrsta fund stjórnar var farið var yfir fyrirhugaðar upptakur á skólaárinu og hlutverk bekkjarfulltrúa voru kynnt. Boðað var til fundar með öllum bekkjarfulltrúum, þar sem farið var yfir hlutverk bekkjarfulltrúa og dagskrá vetrarins rædd.

Í desember bauð foreldrafélagið upp á skemmtiatriði í morgunsöng. Jón Jónsson kom og hélt uppi fjörinu eins og honum er einum lagið.

Árlegt páskaþingó var á sínum stað en það er helsta tekjulind félagsins. Sú nýbreytni var á því að haldin voru tvö þingó, annars vegar fyrir 1.-5. bekk og hins vegar fyrir 6.-10. bekk til þess að dreifa fjölda á tvö kvöld enda hefur þingóið verið afar vel sótt undanfarin ár. Mæting var góð á þingó fyrir yngri bekkina en síðri hjá eldri nemendum svo líklega fer betur á því að hafa eitt sameiginlegt þingó fyrir alla nemendur þó fjölmennt sé. Þá var jafnframt sú breyting á að foreldrafélagið útvegaði vinninga frá fyrirtækjum í bænum en áður höfðu einungis verið keypt páskaegg í vinninga. Mæltist þetta vel fyrir.

Innilegan var að venju haldin í skólalok og var hún mjög vel heppnuð. Gengið var á Esjuna með nemendum í 1. -7. bekk og að göngu lokinni söfnuðust nemendur saman í skólanum. Eins og í fyrra bauð foreldrafélagið upp á skemmtiatriði sem að þessu sinni var tónlistarmaðurinn Friðrik Dór og vakti það mikla lukku. Á innilegu bauð foreldrafélagið öllum nemendum á yngsta stigi og miðstigi upp á kvöldmat, ís í eftirrétt og morgunmat daginn eftir. Innilegan gekk vel og ágætlega gekk að fá foreldra til þess að taka þátt. Þá bauð foreldrafélagið einnig nemendum unglíngadeildar upp á kvöldverð í vorferð þeirra.

Í heildina gekk starfið ágætlega. Á þessu skólaári voru innheimt foreldrafélagsgjöld, 1500.- krónur á heimili óháð barnafjölda í skólanum. Fjárhagur félagsins stendur vel.

Foreldrafélagið heldur úti síðu á Facebook þar sem settar eru inn upplýsingar um viðburði á vegum félagsins og aðrar upplýsingar.

Foreldrafélagið átti í þetta sinn formannssæti í Grunnstoð Garðabæjar. Starfsemi Grunnstoðar hefur verið öflug og stóð Grunnstoð m.a. fyrir fræðslufundi í Sjúlandsskóla í apríl undir yfirskriftinni „Hvernig líður börnunum okkar“ þar sem annars vegar var fjallað um skýrslu Rannsóknar og greiningar um hagi

og líðan grunnskólanema í Garðabæ og hins vegar kom Dr. Erla Björnsdóttir sálfræðingur og flutti erindið „Betri svefn – grunnstoð heilsu“.

Foreldrafélagið á jafnframt fulltrúa í skólaráði Sjálandsskóla og tryggir það gott samstarfs félagsins við skólastjórnendur og aðra sem að málefnum skólans koma.

Foreldrafélagið hefur umsjón með styrktarsjóði sem er ætlað að styrkja börn í skólanum sem vegna bágra fjárhagsaðstæðna komast ekki á viðburði á vegum skólans. Allir styrkir eru nafnlausir og beiðnir um slíkt fara eftir ákveðnum reglum.

Næsti aðalfundur félagsins verður haldinn 25. október 2016 en þá verður ný stjórn kosin.

f.h. stjórnar

Eva Hrönn Jónsdóttir formaður foreldrafélags.